

# Herring Hotel

Skagaströnd



# Staðsetning





Nú stendur yfir undirbúningur vegna fyrirhugaðra baðlauga á Skagaströnd. Laugarnar munu auka straum íslenskra sem erlendra ferðamanna til bæjarins og því skapast aukin þörf fyrir gistirými. Saman geta hótél og baðlaugar stutt við jákvæða byggðaðróun og skapað grundvöll fyrir aðra uppbyggingu í ferðapjónustu, svo sem vetrarferðamennsku, siglingar og sjóstangaveiði.

Síldarverksmiðja ríkisins á Skagaströnd hefur staðið ónotuð um tíma, en komst nýverið í eigu sveitarfélagins, og í kjölfarið kviknaði bæði áhugi og ástæða til þess að breyta byggingunni í hótél. Um er að ræða 4-5 stjörnu hótél með um 60 gistirýmum og fínan veitingastað með útsýni yfir hafið. Einnig er fjölnotasalur fyrir veislur og viðburði og fundarherbergi. Bæði eru herbergi og íbúðir á hótelinu, sem býður upp á sveigjanlega og fjölbreytta notkun. Á Skagaströnd er til húsa Nes listamiðstöð og sjávarlíftæknisetrið Biopol. Í tengslum við þessi fyrirtæki eru ýmis ónýtt tækifæri sem hægt er að koma til móts við á hótelinu og skapa þannig samlegðaráhrif. Á veturna þegar færri hótélgestir eru er hægt að bjóða íbúðirnar til leigu fyrir lista- og fræðimenn í “residency”. Einnig er hægt að vera með litlar ráðstefnur, sýningar, málþing og námskeið í tenglum við listir og vísindi.

Í þessari tillögu er gert ráð fyrir að síldarverksmiðjan sé tekin í gegn og ásýnd að utan færð að miklu leyti til fyrra horfs. Innanhúss skapast hrá og heillandi stemmning þar sem verksmiðjueinkenni hússins mæta nútímalegri og hlýlegri hönnun. Endurnýjun byggingarinnar og rekstur skulu vera umhverfisvottuð og er það hugsað sem hluti af ímynd hótelsins.



## Síldarverksmiðjan núverandi ásýnd

Núverandi bygging er klædd bárujárni og búið er að byggja við hana á nokkrum stöðum. Búið er að loka fyrir marga glugga, en flest gluggaopin eru enn fyrir innan.





## Síldarverksmiðjan upprunaleg ásýnd



Upprunalega var verksmiðjan falleg steinsteypt bygging með mörgum veglegum gluggum. Í tillögunni er þetta útlit endurheimt, með þeim tilfæringum sem til þarf fyrir nýja starfsemi.

# Frá verksmiðju í hótél

## Upprunaleg starfsemi

Upprunarleg starfsemi byggingarinnar var síldarvinnsla og síðar frystihús og önnur hafnartengd starfsemi. Síldin kom inn í verk-smiðjuna í gegnum síldarþró sem nú hefur verið rifin að mestu.




## Ný starfsemi

Sá hluti sem eftir er af síldarþrónni er varðveittur sem minnisvarði um síldarævintýrið, og er inngangur hótelsins í gegnum síldarþróna. Þannig koma gestirnir inn sömu leið og síldin forðum.







Herring  
Hotel



Aðalinngangur er í gegnum  
síldarpróna á suðurhlið hússins  
– þannig koma gestir inn  
sömu leið og síldin forðum.










# Hótelgestir

SUMAR




VETUR




Hópar í skipulögðum ferðum

Einstaklingar á eigin vegum




Baðgestir  
allan ársins hring



Skemmtisiglingar og sjóstangaveiði



Málþing, fundir og fyrirtækjaferðir



Lista- og vísindafólk "in residency"



# Afstaða





Staðsetning hótelsins er mitt í hringiðu hafnarstarfseminnar. Mikilvægt er að tryggja öryggi gesta við höfnina, sem og að hafnarstarfsemi geti haldið áfram ótrufluð og því er umferð gesta haldið frá höfninni að mestu. Í hönnuninni er þetta útfært með því að halda allri opinni starfsemi hótelsins á efstu hæð, með útisvæði á þaksvölum. Gengið er inn á suðurhlið og er þar sleppisvæði fyrir bíla og rútur – en að öðru leyti er umferð gesta ekki um höfnina. Höfnin er samt sem áður mikilvægur hluti af upplifuninni sem fylgir því að heimsækja hótelið. Frá hótelinu njóta gestir útsýnis til sjávar, geta fylgst með löndun og séð bátana koma og fara.







Herring Hotel séð frá höfðanum,  
með Spákonufell í baksýn.  
Ásýnd hótelsins er látlaust og  
er húsið að miklu leyti fært  
til fyrra hórfs að utan.




# Ný gluggasetning



Upprunaleg gluggasetning



Nýjar og stækkaðar opnanir staðsettar í takt við burðarkerfi og upprunalega glugga



Ný gluggasetning og þaksvalir




# Starfsemi




## Opin starfsemi

Frá inngangi á jarðhæð er farið beint upp með lyftu í afgreiðslu/bar og á veitingastað



## Herbergi og íbúðir

Gengið er inn í íbúðir á einni til tveimur hæðum frá 1. hæð. Hótelherbergi eru á 2. hæð og 2,5. hæð.




## Stiga- og lyftuhús

Tveir stigakjarnar eru staðsettir í sitthvorum enda hússins. Lyfta er staðsett við annan þeirra, við inngang í suðurenda hússins




**Hæð 1**  
500 m<sup>2</sup>

- 8 íbúðir
- Anddyri
- Þrif, þvottur, vörumóttaka og búningaklefar starfsfólks




**Hæð 1,5**  
335 m<sup>2</sup>

- Íbúðir (sjá hæð 1)
- Líkamsrækt
- Geymsla og skrifstofa




**Hæð 2**  
495 m<sup>2</sup>

- 10 herbergi
- Fjölnotasalur, fundarherbergi, snyrting




**Hæð 2,5**  
270 m<sup>2</sup>

- 6 herbergi
- Snyrting



**Hæð 3**  
270 m<sup>2</sup>  
+ 230 m<sup>2</sup> þaksvalir

- Bar og móttaka
- Veitingastaður
- Þaksvalir



**Brúttóflatarmál í allt**  
1870 m<sup>2</sup>  
+ 230 m<sup>2</sup> þaksvalir

8 íbúðir  
16 herbergi

Allt að 60 gistirými




- Veitingastaður/bar
- Fundir/viðburðir/setustofa
- Herbergi
- Íbúðir
- Snyrting / líkamsrækt
- Back of house




# Íbúðatýpur

8 íbúðir í allt


Íbúð A  
60m<sup>2</sup>  
3stk




Íbúð B  
35m<sup>2</sup>  
2stk




Íbúð C  
80m<sup>2</sup>  
1stk



Íbúð D  
80m<sup>2</sup>  
1stk






Íbúð E  
35m<sup>2</sup>  
1stk






# Herbergistýpur

16 herbergi í allt





Grunnmynd 1. hæð





## Innanhússhönnun

Hrá steypa, veglegir verksmiðjugluggarnir og mikil lofthæð einkennir núverandi húsnæði. Grófleika verksmiðjuhúsnæðisins er leyft að njóta sín í innanhússhönnuninni í fallegum kontrasti við viðargólf, falleg húsgögn og hlýlega textíla. Hér er horft inn í íbúð á jarðhæð.




















Hágæða veitingastaður er á efstu hæð hótelsins, með áherslu á sjálfbærni og hráefni úr nærumhverfi. Veitingastaðurinn er hugsaður sem nýtt sjálfstætt aðdráttarafl fyrir Skagaströnd, sem jafnframt styður við uppbyggingu baðlauga og annarrar ferðaþjónustu í bænum.




Veitingastaðurinn er á efstu hæð  
byggingarinnar, með útsýni til sjávar og  
fjalla og aðgengi út á stórar þaksvallir.


























Hönnun og koncept

**ES  
JA**

[esjaarchitecture.com](http://esjaarchitecture.com)